

## Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

### Sameiginlega EES-nefndin

#### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 39/94  
frá 15. desember 1994

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu)<sup>(2)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT)<sup>(3)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að talsímakröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipta í Evrópu (DECT)<sup>(4)</sup> skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1, eins og hann var leiðréttur í Stjtið. EB nr. L 263, 13. 10. 1994, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1, eins og hann var leiðréttur í EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 38, 13. 10. 1994, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 87.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 89.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 91.

1. gr.

Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við lið 4b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/12/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4c. 394 D 0470: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu) (Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 87).
- 4d. 394 D 0471: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að almennum tengikröfum sem eru gerðar til stafrænna þráðlausra fjarskipta í Evrópu (DECT) (Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 89).
- 4e. 394 D 0472: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB frá 18. júlí 1994 um sameiginlega tækniforskrift að talsímakröfum sem eru gerðar til notendabúnaðar fyrir stafræn þráðlaus fjarskipti í Evrópu (DECT) (Stjtið. EB nr. L 194, 29. 7. 1994, bls. 91).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB, ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/471/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/472/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker